

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Garðarsbraut 5 á Húsavík 24. apríl 2017 kl. 13:15.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir Kristján Þór Magnússonar, Sigurður Þór Guðmundsson, Steinþór Heiðarsson og Þorsteinn Gunnarsson. Elías Pétursson boðaði forföll. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2016

Fyrir fundinum lá ársreikningur HNP bs. fyrir 2016 endurskoðaður og áritaður af PwC án athugasemda. Farið var yfir efni ársreikningsins og einstakir liðir ræddir. Heildartekjur eru 4,3 mkr., rekstrargjöld 8,4 mkr. fjármagnstekjur 0,4 mkr. og halli ársins því 3,7 mkr. Kostnaður við svokallað Þingeyjarverkefni er 3,9 mkr. sem skýrir þann halla sem er á ársreikningnum en verkefnið er fjármagnað af uppsöfnuðum tekjum af veiðirétti í Skjálfandafljóti. Heildareignir eru 21,6 mkr. þar af handbært fé 11,7 mkr. Eigið fé er 12, mkr., og skuldir og skuldbindingar 9,6 mkr. þar af eru lífeyrisskuldbindingar 6,7 mkr.

Lagt fram endurskoðunarbréf PwC dags. 24. apríl 2017 þar sem gerð er grein fyrir endurskoðun ársreikningsins og niðurstöðum hennar sem er án athugasemda.

Að yfirferð lokinni var ársreikningurinn samþykktur og áritaður. Einnig voru árituð skráningargögn til fyrirtækjaskrár RSK vegna skráningar byggðasamlagsins.

2. Undirbúningur vegna vorfundar fulltrúaráðs

- Rætt um helstu atriði í skýrslu framkvæmdastjórnar sem formaður mun flytja fulltrúaráðinu á fundinum. Sérstaklega rætt um að í skýrslunni verði komið inná þá umræðu sem verið hefur í framkvæmdastjórninni um möguleg ný verkefni byggðasamlagsins og að á dagskrá fulltrúaráðsfundarins verði sérstakur liður þar sem þessi málefni verði tekin til umræðu.
- Þau verkefni sem sérstaklega hafa verið til umræðu sem ný verkefni byggðasamlagsins í framkvæmdastjórninni eru, brunavarnir, skipulags- og byggingarmál og félags- og skólaþjónusta. Mikilvægt er að fá fram viðhorf kjörinna fulltrúa til þess hvort leggja beri í vinnu við að greina kosti þess og galla að færa þessa málaflokka undir hatt byggðasamlagsins. Í því sambandi er t.a.m. mikilvægt að skoða með hvaða hætti skipan fagnefnda verði, þ.e. hvort þær verði sameiginlegar fyrir allt svæðið eða áfram sjálfstæðar í einstökum sveitarfélögum. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri taki saman minnisblað um málið til dreifingar fyrir fulltrúaráðsfundinn.
- Ljúka þarf sameiginlegum tilnefningum vegna barnaverndarnefndar þannig að fulltrúaráðið getið skipað hana á vorfundinum.

- Steinþór gerði grein fyrir því að Unnsteinn Snorri Snorrason er reiðubúinn að vera frummælandi um stöðu landbúnðar í hérðainu á fultrúaráðsfundinum. Greiddur verður útlagur ferðakostnaður.

3. Önnur mál

- Kristján Þór vakti máls á óformlegri umræðu sem áður hefur verið á borði framkvæmdastjórnarinnar varðandi sameiginleg innkaup sveitarfélaganna. Fram kom í umræðunni að rammisamningur Ríkiskaupa sé oft ekki að nýtast sveitarfélögunum til lækkunar kostnaðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00